

Birta CBD ehf.
Sóltúni 24
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. september 2021
UST202109-066/F.K.
07.10.02

Niðurstaða eftirlits - Húðolía– Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending um að snyrtivara sem boðin væru til sölu í vefversluninni <https://birtacbd.is/>, uppfyllti ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingar.

Um er að ræða eftirfarandi vöru sem fyrirtækið Birta CBD ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á:

Vara	Strikamerki
ÓSK 25% full spectrum húðolía	Ekki til staðar

Umhverfisstofnun fór í rafrænt eftirlit með snyrtivörum hjá fyrirtækinu þann 8.9.2021 og kallaði eftir sýnishorni af vörunni sem var móttækið þann 15.09.2021. Skoðun á vörunni leiddi í ljós að hún uppfyllir ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur varðandi merkingar á umbúðum.

Um kröfur til merkinga og frávik frá þeim sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu sem er send til eftirlitsaðila með rafrænum hætti.

Umhverfisstofnun veitir Birtu CBD ehf. frest til 5. október 2021 til þess að senda stofnuninni staðfestingu á samræmingu vöruheitis sem er tilkynnt í snyrtivöruvefgátt ESB og vöruheitis umbúðum vörunnar ásamt afriti af uppfærðum merkimiða þar sem fram koma upplýsingar um heimilisfang ábyrgðaraðila sbr. reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST202108-108 á ust@ust.is.

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á sölustöðum verði endurmerktar með rétttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Birtu CBD ehf. hér með frest til 28. sept nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13.gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 28. september nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 28. september 2021.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið fifa.konradsdottir@ust.is.

Virðingarfyllst,

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>